



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 16. desember 2020

Alþýðusamband Íslands tekur undir kröfu Landssambands eldri borgara

Miðstjórn ASÍ tekur undir gagnrýni Landssambands eldri borgara (LEB) á 3,6% hækkun ellilífeyris og telur að sú hækkun gangi gegn markmiðum kjarasamninganna síðasta vor um bætta stöðu hinna tekjulægstu og gegn því markmiði að verja lífsskjör í kófinu. Verðbólga mælist 3,5% um þessar mundir og verð á dagvöru hefur hækkað um 7,4% milli ára.

Alþýðusamband Íslands benti á nauðsyn þess í umsögn sinni um fjárlagafrumvarpið að lífeyrir og atvinnuleysistryggingar tækju sömu hækkunum og laun samkvæmt kjarasamningum. Með því að nota viðmið um meðaltaxtaþróun gengur Fjármála- og efnahagsráðuneytið gegn markmiðum kjarasamninganna sem byggðu á því að brún þörf væri að rétta stöðu hinna tekjulægstu í samfélaginu. Sú þörf er ekki síðri hjá atvinnulausum, öryrkjum og eldri borgurum sem til viðbótar við þrönga fjárhagsstöðu horfast nú í augu við hratt hækkanandi verð á matvöru og öðrum innfluttum nauðsynjavörum. Stuðningur við hina tekjulægstu hefur jákvæð efnahagsleg áhrif og mun skila sér í aukinni neyslu.

Miðstjórn ASÍ tekur undir eftirfarandi ályktun stjórnar LEB:

„Stjórn LEB mótmælir harðlega að ellilífeyri hækki aðeins um 3.6% í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021.

Það er skýlaus krafa LEB að ellilífeyrir hækki um 15.750 kr. vegna ársins 2021 eins og aðrir fá.

Eldri borgarar hafa ekki samningsrétt og verða að treysta að Alþingi fari að lögum við ákvörðun um hækkun ellilífeyris og tryggji sambærilegar hækkunarir.“